

Heimsókn til Finnlands, Helsinki 12.-14. febrúar 2016



Siglingasamband Íslands skipurlagði þessa ferð í samráði við Finnka Siglingasambandið. Ferðin var einnig nýtt til að fara á stærstu báta og sjósport sýningu sem haldin er þar í landi. Fjölmargir fyrirlestrar voru einnig og skipurlagðir bæði á finnsku og á ensku. Í þessari ferð voru fulltrúar frá eftirfarandi klúbbum:
Brokey: Arnar, Ólafur Már og Þorgeir.
Ýmir: Sigríður
Þytur: Friðrik og Egill.
Að auki var Úlfur, formaður SÍL.



Laugardagur 13 feb 2016

Helsinki Boatshow

<http://www.messukeskus.com/Sites1/Vene/en/Pages/default.aspx>

Sýningin opnaði kl. 10:00 og þar var margt að sjá. Ekki var mikið að sjá af kjölbátum og kænum. Meira var af mótorbátum og minni snekkjum. Það var töluvert af gúmmibátum og allir helstu vélaframleiðendur voru með stóra bása.



Fyrirlestrar byrjuðu kl. 15:00 (á ensku) og voru margir áhugaverðir.

The Sailing League; A Living Laboratory for the Future

Jan Jansson, Samuli Leisti, Samppa Vilkkuna, Gedi Lindahl

Breaking the Rules. Misbehaving Design

Juan Kouyoumdjian, Jarkko Jämsen, Mikko Brummer, Ilkka Suppanen

The world's first foiling cruising yacht, Gunboat G4

Pieterjan Dwarshuis, Samuli Leisti, Ilkka Suppanen



Heimsókn til Finnlands, Helsinki 12.-14. febrúar 2016



Sérstakur gestur.

Alex Thomson (UK) kom og fræddi menn um sýn afrek. Algerlega frábær siglari hér á ferð.

Sailing and media; Sailing as media.

Ulfur Hrobjartsson, Samuli Salanterä

Closing Remarks

Esko Kilpi, Samuli Salanterä



Sunnudagur 14 feb 2016

Heimsóttur var Siglingaklúbburinn „Brändö Seglere“

<http://brandoseglare.fi>

Granfeltsvägen 10, 570 Helsinki, Finland

Jan Feodoroff, deildastjóri kænudeildar og Sam McKenzie þjálfari, m.a. fyrr Finnska Optimist-Sambandið og klúbbi í Finnlandi.

Sam er frá Nýja Sjálandi og er einungis 22 ára. Hann hefur unnið til fjölda viðurkenninga fyrir mót á

Optimist og er m.a. með námskeið fyrir þjálfara og eru þau námskeið í boði fyrir alla sem áhuga hafa á þjálfun.



Í Helsinki hafa um 12 klúbbar tekið sig saman um þjálfun. Brändö Seglere tilheyrir „East Side Sailing Team“ og er prógramið fyrir 7-15 ára krakka.

Þessir klúbbar eru með æfingakerfi (level): grænt, blátt, rautt og svart, allt eftir því hve góðir siglararnir eru. Gerð er krafa um að allir krakkar eigi þurrþúning til að sigla í. Einhverjar æfingar eru yfir veturinn en regluleg þjálfun byrjar yfirleitt í apríl.



Kynning á starfsemi klúbbanna fer m.a. fram í skólum með dreifingu á sérstökum bækling sem útbúin hefur verið þar sem allar upplýsingar koma fram.

Áhugasömum er boðið að koma í sundlaug þar sem þau kynnast að velja Optimist sem gerir þau öruggari úti á sjó, ásamt því að kynnast bátnum betur. Farið er í rólegheitum yfir bátinn og krakkarnir verða eftir þetta öruggari út á sjó. Oft er sagt að þetta sé hvíti hópurinn. Ef krökkum líkar þetta og þau vilja halda áfram þá fara þau í græna hópin sem æfa yfir sumarið ca. 2 svar í viku og greiða um 200 EUR á ári fyrir.

Sam McKenzie hefur verið að þjálfa upp rauða og svarta hópin á þessu svæði sem samanstendur af 40-60 siglum og hann kennir allt á ensku. Svarti hópurinn (level 4) er með ca. 35 siglarar.

Heimsókn til Finnlands, Helsinki 12.-14. febrúar 2016



Kennt er í tveimur klúbbum fyrir þetta svæði og krakkarnir borga æfingargjöldin beint þangað (ekki í sinn klúbb).

Æfingagjöld.

Grænn	2 svar í viku	200 EUR á ári
Blár	2-3 svar í viku	300 EUR á ári
Rauður	2-4 sinnum í viku	400-500 EUR á ári
Svartur	6 sinnum í viku	1000 EUR á ári

Yfirleitt er keppnisgjald á hvert mót um 60-70 EUR

Bátar.

Fyrsta árið eða svo útvegar klúbburinn báta fyrir æfingarkrakkana en svo er gerð krafa um að þau kaupi sinn bát sjálf.

Notaðir bátar eru að seljast á ca. 1.500 EUR (keppnishæfur) og nýjir á um 2.500 EUR.

Vetrarþjálfun er ca. 1-2 svar í viku, (annar þjálfari) aðeins mismunandi á milli klúbba. Hittingur/skiði/íþróttir.

Gerð er krafa til þeirra sem eru í efstu flokkunum að þau fari á 1 til 2 sterk æfingarmót yfir veturinn. Nánast alltaf fer finnska Optimist-Sambandið með hóp siglara á Garda vatn (Lake Garda Meeting Optimist Class), sem er yfirleitt um páskana ár hvert. Þátttakendur eru um 1000 til 1500 á hverju ári.

Það er líka skipurlagðar 1-5 ferðir til Spánar yfir veturinn.

Allur kostnaður vegna ferða og upphalds greiðist af siglurunum sjálfum sem eru yfirleitt um 1.200 til 2.000 EUR hver siglara. Innfalið í því er kostnaður við þjálfara+flug+bátur+hótel.

Finnska Siglingasambandið er yfir Finnska Optimist-Sambandinu en það eru engar greiðslur að fara þarna á milli.

Í hverjum flokk er ákveðinn foreldri sem er valinn tengiliður siglara+foreldra við þjálfarann. Sá aðili skipurleggur í samráði við aðra foreldra t.d. keppnisferðir og fjáröflun. Ef þjálfari þarf að koma skilaboðum áleiðis til foreldra+ siglara þá hefur hann samband við tengiliðinn sem hefur svo samband við sitt fólk. Flest allt kúbbstarf í Finnlandi er rekið áfram á sjálfboðaliðum

Kjölbátastarfið.

Klúbbarnir á svæðinu sjósetja Kjölbáta í byrjun maí ár og taka báta upp í október.

Árgjald fyrir fullorðin er ca. 40-100 EUR en yfirleytt er aukalega 1.000 EUR skráningargjald.

Krakkar borga lítið sem ekkert í flestum klúbbum, en þá mest 40-100 EUR.

Í Helsinki á borgin landið og klúbbarnir greiða leigu fyrir það, en húsnæðin eru flest í eigu klúbbanna.

Einstaka klúbbar eru að greiða líka leigu fyrir bryggjurnar og það er gríðalega há leiga.

